

# **Kjósarveitur ehf.**

**Ársreikningur 2020**

**Efnisyfirlit**

bls.

Skýrsla stjórnar .....	2
Áritun óháðs endurskoðanda .....	3 - 4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6 - 7
Sjóðstreymi .....	8
Skýringar .....	9 - 13

Kjósarveitur ehf.  
Kennitala 590115-1340  
Ásgarði Kjós, Mosfellsbær

## Skýrsla stjórnar

### Meginstarfsemi félagsins

Tilgangur félagsins er bygging og rekstur hitaveitu í Kjósarhreppi, frá borholum í landi Möðruvalla í Kjós svo og annarra borhola sem félagið gæti átt nýtingarleyfi á.

Félagið var stofnað 8. janúar 2015.

### Starfsemin á árinu

Tap varð af rekstri ársins að fjárhæð kr. 11,2 millj. Í árslok 2020 var eigið fé jákvætt um kr. 86,3 millj. Fjöldi ársverka á árinu var 1,2.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

### Jöfnun taps

Vísað er til ársreikningsins varðandi jöfnun á tapi á árinu.

### Áhrif Covid-19

Covid-19 heimsfaraldurinn hefur ekki haft nein áhrif á Kjósarveitur það sem af er og búist er við áframhaldandi umsóknum um nýjar lagnir.

### Eignaraðild


Einn hluthafi, Kjósarhreppur, fer með allt hlutafé félagsins og er það óbreytt frá upphafi árs.

Stjórn Kjósarveitna ehf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2020 með áritun sinni.

Kjósarhreppi, 20. maí 2021

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

  
Sigrún Magnúsdóttir  
Guðmundur Guðmundsson  
Pétur Jónsson  
Lárus M. Lárusson

## Aritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hlúthafa Kjósarveitna ehf.

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Kjósarveitna ehf. fyrir árið 2020, að undanskilinni skýrslu stjórnar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2020, efnahag þess 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

### Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu stjórnar.
  - Rekstrarreikning fyrir árið 2020.
  - Efnahagsreikning þann 31. desember 2020.
  - Sjóðstreymi fyrir árið 2020.
  - Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.
- Skýrsla stjórnar er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

### Grundvöllur áfíts

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaða. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrd í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda.

### Óháð

Við erum óháð féluginu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglu sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglu.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar sem lá fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu stjórnar og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum félagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi félagsins. Stjórnendum félagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Áritun óháðs endurskoðanda frh.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegru tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öllum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvisandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öllum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi félagsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvíska ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðhöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík, 20. maí 2021

**PricewaterhouseCoopers ehf.**

Arna G. Tryggvadóttir  
lögilltur endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2020

	2020	2019
	1/1 til 31/12	1/1 til 31/12
<b>Rekstrartekjur</b>		
Tengigjöld .....	8.429.156	15.491.613
Selt vatn .....	61.472.782	52.129.216
Aðrar tekjur .....	1.823.814	60.000
	<u>71.725.752</u>	<u>67.680.829</u>
<b>Rekstrargjöld</b>		
Kostnaður vegna tenginga .....	4.217.099	8.113.476
Laun og launatengd gjöld .....	3 19.563.122	17.010.161
Annar rekstrarkostnaður .....	23.953.080	19.441.823
Afskriftir .....	4 <u>11.924.527</u>	<u>10.124.654</u>
	59.657.828	54.690.114
<b>Rekstrarhagnaður (tap) ársins</b>	12.067.924	12.990.715
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>		
Vaxtatekjur .....	1.060.628	252.397
Vaxtagjöld og verðbætur .....	<u>(24.355.376)</u>	<u>(23.261.751)</u>
	(23.294.748)	(23.009.354)
<b>Tap ársins fyrir skatta</b>	(11.226.824)	(10.018.639)
Tekjuskattur .....	7 0	0
<b>Tap ársins</b>	<u>(11.226.824)</u>	<u>(10.018.639)</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir	Skýr:	2020	2019
<b>Fastafjármunir</b>			
Efnislegar eignir:	4		
Lóð .....		35.000.000	35.000.000
Hitaveita:			
Borholur og dælur .....		74.000.913	79.465.605
Stofnæðar, dælustöðvar og dreifikerfi .....		<u>389.778.697</u>	<u>394.829.579</u>
		498.779.610	509.295.184
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		10.176.348	9.112.202
Krafa á lengda aðila .....		0	0
Stofnstyrkur vegna nýrrar hitaveitu .....		0	0
Aðrar skammtímakröfur .....		191.489	8.512
Handbært fé .....		<u>32.740.192</u>	<u>64.639.715</u>
		43.108.029	73.760.429
<b>Eignir samtals</b>		<u>541.887.638</u>	<u>583.055.612</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eigið fé og skuldir	Skýr.	2020	2019
<b>Eigið fé</b>	<b>5</b>		
Hlutfé .....		168.000.000	168.000.000
Ójafnað tap .....		(81.708.192)	(70.481.368)
		<u>86.291.808</u>	<u>97.518.632</u>
<b>Skuldir</b>			
Langtímaskuldir:	<b>6</b>		
Verótryggt lán .....		387.098.012	402.000.315
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir .....		7.254.439	4.663.271
Skuld við tengda aðila .....		10.454.139	3.061.583
Stofnstyrkur vegna nýrrar hitaveitu .....		13.698.589	34.886.914
Næsta árs afborganir .....	<b>6</b>	32.337.931	31.003.625
Aðrir skammtímaskuldir .....		4.752.720	9.921.273
		<u>68.497.818</u>	<u>83.536.666</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<b>455.595.830</b>	<b>485.536.980</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><b>541.887.638</b></u>	<u><b>583.055.612</b></u>

## Sjóðstreymi ársins 2020

	Skýr.	2020 1/1 - 31/12	2019 1/1 - 31/12
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður ársins .....		(11.226.824)	(10.018.639)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....		11.924.527	10.124.654
Verðbætur og gengismunur langtímalána .....		14.499.360	10.884.585
		<u>15.197.063</u>	<u>10.990.600</u>
Breyting rekstrartengdra eigna- og skuldaliða:			
Skammtímakröfur .....		(1.247.123)	16.310.006
Skammtímaskuldir .....		(16.373.153)	9.693.038
		<u>(17.620.276)</u>	<u>26.003.044</u>
<b>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)</b>		<b>(2.423.213)</b>	<b>36.993.644</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Stofnkostnaður og stofnstyrkur hitaveitu .....		(1.408.953)	33.368.051
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tekin ný langtímalán .....		0	0
Langtímalán, breyting .....		(28.067.357)	(26.195.873)
		<u>(28.067.357)</u>	<u>(26.195.873)</u>
<b>Breyting á handbæru fé</b>		<b>(31.899.523)</b>	<b>44.165.822</b>
Handbært fé í ársbyrjun .....		64.639.715	20.473.893
<b>Handbært fé í árslok</b>		<b><u>32.740.192</u></b>	<b><u>64.639.715</u></b>

## Skýringar

### 1. Almennar upplýsingar

Kjósarveitur ehf. var stofnað þann 8. janúar 2015. Tilgangur félagsins er bygging og rekstur hitaveitu í Kjósarhreppi, frá borholum í landi Möðruvalla í Kjós svo og annarra borhola sem félagið gæti átt nýtingarleyfi á.

Kjósarveitur ehf. er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að Ásgarði í Kjós, 276 Mosfellsbær.

### 2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

#### 2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum hér á eftir.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt málinu.

#### 2.2 Innlausn tekna

Tekjur eru færðar þegar eignaréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda og hægt er að meta fjárhæðina með ábyggilegum hætti. Tekjur eru færðar á gangvirði móttekna gagngjalds eða kröfu, og endurspeglar móttekna fjárhæð fyrir selda vöru eða þjónustu að frádregnum afslætti, vöruskilum og tilheyrandi sköttum.

##### *Sala á þjónustu*

Tekjur af veittri þjónustu eru færðar á því tímabili þegar þjónustan er veitt í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörstegi. Staða verks tekur mið af raunverulegri veittri þjónustu sem hlutfall af heildarþjónustu sem veita skal.

##### *Sala á heiltu vatni*

Tekjur í rekstrarreikning samanstanda af reikningstærðri sölu á vörum og þjónustu að frádregnum virðisaukaskatti, orkuskiptum og afsláttum.

#### 2.3 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna.

#### 2.4 Efnislegar eignir og afskriftir

Efnislegar eignir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Lóð er færð á kostnaðarverði.

##### *Stofnkostnaður hitaveitu*

Efnislegar eignir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af stofnverði. Eignir eru afskrifaðar útfrá fjölda notanda en hitaveitan hefur ekki enn náð fullum afköstum. Afskriftartími eignaflokka er eftirfarandi:

Stofnæðar, dælustöðvar og dreifikerfi .....	40 ár
Borholur og dælur .....	25 ár

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal-eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar hann fellur til. Kostnaður við meiri háttar endurbætur á efnislegum eignum er eignfærður þegar endurbætur hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### 2.5 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

### 2.6 Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af óbundnum bankainnstæðum. Yfirdættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

### 2.7 Hlutfé

Almennt hlutfé er flokkað sem eigið fé.

### 2.8 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum.

### 2.9 Lántaka

Lántaka er færð í upphafi á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði sem stofnað er til. Lántaka er síðan færð á afskrifuðu kostnaðarverði. Mismunur, ef einhver er, á andvirðinu (að frádregnum viðskiptakostnaði) og innlausnarvirði er færður í rekstrarreikning að teknu tilliti til reglubundinnar dreifingar affalla/yfirvros.

Lántaka er flokkuð sem skammtímaskuldir nema félagið hafi óskilyrtan rétt til að fresta uppgjöri skuldarinnar í a.m.k. 12 mánuði eftir dagsetningu efnahagsreiknings.

## Skýringar

	2020	2019
	1/1 - 31/12	1/1 - 31/12
<b>3. Laun og launatengd gjöld</b>		
Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:		
Laun .....	15.166.747	11.884.104
Launatengd gjöld.....	4.396.375	5.126.057
	<u>19.563.122</u>	<u>17.010.161</u>

Fjöldi ársverka hjá félaginu á árinu voru 1,2 (2019:1,0).

Laun og þóknarir til stjórnenda námu 5,5 millj. kr. á árinu (2019: 5,1 millj. kr.).

## 4. Efnislegar eignir

	Lóð	Borholur og dælur	Stofnæðar, dælustöðvar og dreifikerfi	Samtals
<b>Árslok 2019:</b>				
Bókfært verð í ársbyrjun .....	35.000.000	88.903.880	428.884.010	552.787.890
Viðbót ársins og tengigjöld .....	0	(1.408.156)	(189.118)	(1.597.274)
Styrkur færður á móti stofnkostnaði .....	0	(5.514.064)	(26.256.713)	(31.770.777)
Afskriftir .....	0	(2.516.055)	(7.608.599)	(10.124.654)
Bókfært verð í árslok .....	35.000.000	79.465.605	394.829.579	509.295.184
Bókfært verð í árslok 2019 greinist þannig:				
Kostnaðarverð .....	35.000.000	85.001.853	411.275.622	531.277.475
Afskrifað samtals .....	0	(5.536.249)	(16.446.043)	(21.982.291)
Bókfært verð í árslok .....	35.000.000	79.465.605	394.829.579	509.295.184
<b>Árslok 2020:</b>				
Bókfært verð í ársbyrjun .....	35.000.000	79.465.605	394.829.579	509.295.184
Viðbót ársins og tengigjöld .....	0	(2.531.764)	3.940.717	1.408.953
Styrkur færður á móti stofnkostnaði .....	0	0	0	0
Afskriftir .....	0	(2.932.928)	(8.991.599)	(11.924.527)
Bókfært verð í árslok .....	35.000.000	74.000.913	389.778.697	498.779.610
Bókfært verð í árslok 2020 greinist þannig:				
Kostnaðarverð .....	35.000.000	82.470.090	415.216.338	532.686.428
Afskrifað samtals .....	0	(8.469.177)	(25.437.641)	(33.906.818)
Bókfært verð í árslok .....	35.000.000	74.000.913	389.778.697	498.779.610

## Fasteignamat og váttryggingaverðmæti

Fasteignir félagsins í árslok 2020 voru eftirtaldar:

	Fasteigna- mat, hús	Fasteigna- mat, lóð	Brunabóta- mat	Bókfært verð
Möðruvellir hitaveita .....	13.190.000	2.320.000	35.100.000	498.779.610

Váttryggingarfjárhæð ábyrgðartryggingar hitaveitu er 310 millj. kr. Lausafjártryggingar eru kr. 4,5 millj. kr. og rekstrarstöðvunartrygging er kr. 33,2 millj. kr.

## Skýringar

### 5. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:

	Hlutafé	Ójafnað tap	Samtals
<b>Hreyfingar 2019:</b>			
Staða 1/1.....	168.000.000	(60.462.728)	107.537.272
Tap ársins.....	0	(10.018.639)	(10.018.639)
Staða 31/12.....	168.000.000	(70.481.368)	97.518.632
<b>Hreyfingar 2020:</b>			
Staða 1/1.....	168.000.000	(70.481.368)	97.518.632
Tap ársins.....	0	(11.226.824)	(11.226.824)
Staða 31/12.....	168.000.000	(81.708.192)	86.291.808

### 6. Langtímaskuldir

	31.12.2020	31.12.2019
Skuldir í íslenskum krónum:		
Verðtryggðar skuldir. Vextir 1,74 - 2,6% .....	419.435.943	433.003.940
Langtímaskuldir samtals .....	<u>419.435.943</u>	<u>433.003.940</u>

Framangreind vaxtahlutföll eru vegnir meðalvextir viðkomandi lánaflökka í samræmi við vaxtakjör lána í árslok.

Til tryggingar skuldum hefur eigandi Kjósarveitna ehf., Kjósarhreppur, veitt einfalda ábyrgð á verðtryggðar skuldir félagsins og veðsett framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og útsvarstekjur.

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok 2020 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2021 .....	32.337.931
Árið 2022 .....	32.337.931
Árið 2023 .....	32.337.931
Árið 2024 .....	32.337.931
Árið 2025 .....	32.337.931
Síðar .....	<u>257.746.290</u>
Langtímaskuldir samtals kr 419.435.943 koma þannig fram í efnahagsreikningi:	<u>419.435.943</u>

Afborganir ársins 2021, færðar meðal skammtímaskulda.....	32.337.931
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar.....	<u>387.098.012</u>
	<u>419.435.943</u>

## Skýringar

### 7. Tekjuskattsskuldbinding (inneign)

Tekjuskattsskuldbindingar (-inneignar) á árinu greinast þannig:

	Staða 1.1.	Staða 31.12.
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	26.719.476	34.140.283
Yfirfæranlegt tap .....	(40.798.989)	(50.461.581)
	(14.079.513)	(16.321.298)
Inneign færð niður vegna óvissu um nýtingu .....	14.079.513	16.321.298
	0	0

Þar sem óvissa ríkir um nýtingu á yfirfæranlegu skattalegu tapi er frestuð skattinneign ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

Ójafnað rekstrartap greinist þannig:

Tap ársins 2015, nýtanlegt til ársloka 2025 .....	5.089.272
Tap ársins 2016, nýtanlegt til ársloka 2026 .....	20.482.081
Tap ársins 2017, nýtanlegt til ársloka 2027 .....	65.760.567
Tap ársins 2018, nýtanlegt til ársloka 2028 .....	63.158.789
Tap ársins 2019, nýtanlegt til ársloka 2029 .....	49.504.235
Tap ársins 2020, nýtanlegt til ársloka 2030 .....	48.312.960
	<u>252.307.904</u>